

# Þingsályktun

um breytingu á þingsályktun nr. 26/148, um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.

---

Alþingi ályktar að við A-lið, **Almenn atriði er varða uppbyggingu flutningskerfis raforku**, í þingsályktun nr. 26/148 bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Ekki verður ráðist í tengingu raforkukerfis landsins við raforkukerfi annars lands um sæstreng nema að undan-gengnu samþykki Alþingis. Skal það samþykki liggja fyrir áður en framkvæmdir sem varða slíka tengingu geta farið á framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar. Til grundvallar ákvörðun um tengingu með sæstreng skal liggja heildstætt mat á umhverfis-, samfélags- og efnahagslegum áhrifum slíkrar tengingar og framkvæmda vegna hennar.

---

*Samþykkt á Alþingi 2. september 2019.*